

66. kirkjuþing 2024 - 2025

22. mál – þskj. 22a

## T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing nr. 10/2021-2022.

Flm. Óskar Magnússon, Stefán Magnússon.

### 1. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Leikmenn sem kjörnir eru á kirkjuþing eiga rétt á þingfararkaupi fyrir hvern dag sem þingið situr.

Ef varamaður er kvaddur til skal hann með sama hætti fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem hann situr kirkjuþing en greiðsla til aðalmanns fellur brott sama tíma.

Kjaranefnd ákveður þingfararkaup.

Vígðir þjónar sem kjörnir eru á kirkjuþing og þiggja laun frá Þjóðkirkjunni fá ekki greitt þingfararkaup. Sama gildir um aðra þá sem seturétt eiga á kirkjuþingi ef þeir þiggja laun frá Þjóðkirkjunni.

Ferða- og dvalarkostnaður greiðist öllum kjörnum kirkjuþingsfulltrúum.

### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

### Greinargerð.

Ekki er eðlilegt að prestar sem kjörnir er til setu á kirkjuþing og sem gegna jafnframt störfum fyrir Þjóðkirkjuna fái tvöföld laun á meðan þeir sitja kirkjuþing. Kjarasamningar gera ráð fyrir heildarlaunum þar sem sérstaklega er tekið tillit til ómældrar yfirvinnu, sérstakra skyldna og álags sem fylgi starfinu. Þessar greiðslur eru einnig greiddar í sumarleyfi. Það fyrirkomulag sem gilt hefur á kirkjuþingi er ekki heilbrigt og á ekki að viðgangast í gagnsæju opinberu kerfi. Hjá ríkisvaldinu er að þessu gætt og taki opinber starfsmaður sæti á Alþingi tímabundið nýtur hann aðeins launa fyrir annað starfið.